

Íbúaráð Laugardals

Ár 2025, mánudagurinn, 13. janúar, var haldinn 53. fundur íbúaráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Laugardalslaug og hófst kl. 16.34. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Atli Stefán Yngvason, Þorleifur Örn Gunnarsson, Birna Hafstein, Lilja Sigrún Jónsdóttir, Sigurlín Ósk Hrafnisdóttir og Stefanía Fanney Björgvinsdóttir. Fundinn sat einnig Arna Hrönn Aradóttir. Elísabet Pétursdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á verkefnum Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins í Laugardal. MSS24080093
 - Kl. 16.50 tekur Árni Jónsson sæti á fundinum.

Þorsteinn R. Hermannsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.
2. Fram fer umræða um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi. SFS24050075
 - Kl. 17.43 vikur Árni Jónsson af fundinum.
3. Lagt fram bréf Skipulagsgáttar, dags. 20. nóvember 2024, með umsagnarbeiðni Reykjavíkurborgar vegna tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, Borgarlína 1. lota – Ártún-Fossvogsbrú. USK24080320
Samþykkt að fela formanni í samvinnu við fulltrúa íbúaráðs Laugardals að skila umsögn ráðsins fyrir tilskilinn frest.
4. Lagt fram bréf Skipulagsgáttar með umsagnarbeiðni Reykjavíkurborgar, dags. 19. desember 2024, um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir göturými efsta hluta Laugavegar - Borgarlína 1. lota - Laugavegur frá Hallarmúla að Hlemmi. USK24090202
Samþykkt að fela formanni í samvinnu við fulltrúa íbúaráðs Laugardals að skila umsögn ráðsins fyrir tilskilinn frest.
5. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 17. desember 2024, um stýrihóp um stefnumótun fjölmenningsborgarinnar Reykjavík. MSS24090132
6. Lagt fram fundadagatal íbúaráðs Laugardals vor 2025. MSS22080127
7. Samþykkt að taka á dagskrá til framlagningar bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 9. janúar 2025, um auglýsingu á tillögu á breytingum á deiliskipulagi Borgartúnsreits vegna lóðarinnar nr. 3-5 við Bríetartún. USK24100004
8. Samþykkt að taka á dagskrá til framlagningar bréf umhverfis og skipulagssviðs, dags. 9. janúar 2025, um auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Skeifuna-Fenin vegna lóðanna nr. 7 og nr. 9. við Skeifuna. USK24050162
9. Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034

Fundi slitið kl. 18.35

Atli Stefán Yngvason

Þorleifur Örn Gunnarsson
Birna Hafstein
Sigurlín Ósk Hrafnisdóttir

Lilja Sigrún Jónsdóttir
Stefanía Fanney Björgvinsdóttir